

Alþingi
Erindi nr. P 139/243
komudagur 15.11. 2010



Allsherjarnefnd
b/t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. nóvember 2010.

Efni: Tillögur til þingsályktunar um rannsókn á íbúðalánsjóði (22. mál), rannsókn á ákvörðunum stjórnvalda vegna innstæðna Landsbanka Íslands á Evrópska efnahagssvæðinu (5. mál) og rannsókn á einkavæðingu bankanna (16. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreindar tillögur sem fela í sér rannsókn vegna mismunandi þátta í aðdraganda eða kjölfar hruns fjármálakerfisins.

Ofangreindar tillögur eru lagðar fram sem svar við tortryggni og efasemdum vegna atburða í aðdraganda og kjölfar hruns fjármálakerfisins. Hér verður fjallað um tillögurnar saman enda tengjast þær allar á einhvern hátt hruninu og atburðum í kringum það.

Tillögurnar eru lagðar fram í kjölfar niðurstaðna og ályktana rannsóknarnefndar Alþingis og finna má í skýrslu hennar. Vissulega verður sá lærdómur sem fæst út úr slíkum rannsóknum mikilvæg vitneskja þegar fram í sækir. Ekki verður það rengt að margt átti sér stað á síðustu árum sem ástæða er að koma í veg fyrir að endurtaki sig og því mikilvægt að gerð sé grein fyrir þeim mistökum. Hins vegar er meiri þörf á að hugsa um það sem framundan er, en ekki rýna eingöngu í því sem gerst hefur, hvernig og afhverju.

Ekki má það endurtaka sig að stöðnun verði, hvort sem litið er til stjórnvalda eða annarra þátta samfélagsins, meðan beðið er eftir niðurstöðu rannsókna, líkt og gerðist þegar beðið var skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis síðastliðið vor. Vel þarf að gæta þess að rannsókn hafi ekki áhrif á framþróun mála meðan á henni stendur.

Sé það niðurstaða nefndarinnar að þörf sé á að rannsaka þau atriði sem ofangreindar tillögur kveða á um er nauðsynlegt að sátt ríki um þá rannsókn. Með rannsóknum sem þessum er leitast við að varpa ljósi á ákveðna atburði og eyða þeirri tortryggni sem einkenna umhverfið í dag. En til þess að unnt sé að eyða umræddri tortryggni og byggja traust á niðurstöðu slíkra rannsókna er nauðsynlegt að nefndin sé skipuð með þeim hætti að henni sé treyst.

Ofangreindar tillögur eiga það allar sammerkt að mælst er til þess að fengnir verði til verksins sjálfstæðir og hlutlausir aðilar. Full ástæða er til að skoða hvort ekki eigi að fá til verksins óháða erlenda aðila sem taka á þáttum þeim sem þarf að rannsaka og með von um að sátt myndi ríkja um slíka rannsókn. Hægt væri að gera rannsóknir á rannsóknir ofan um ókomna tíð um öll þau atriði sem tortryggni ríkir um og draga þarf fram í dagsljósið, en það er til einskis ef niðurstöðu slíkra rannsókna er ekki treyst.

Virðingarfyllst,

Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands